

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

206. FUNDUR.

206. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 8. nóvember árið 2012 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá fundargerð 2. fundar ungmennaráðs undir 8. lið og skýrsla sveitarstjóra verði þá 9. liður. Samþykkt samhljóða.

Gengið var til dagskrár.

1. Fjárhagsáætlun Húnaþings vestra árið 2013, ásamt 3ja ára áætlun fyrir árin 2014-2016 fyrir sveitarsjóð og undirfyrirtæki.

Lögð var fram til fyrri umræðu tillaga að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og undirfyrirtækja fyrir árið 2013 ásamt áætlun fyrir árin 2013-2016. Sveitarstjóri og skrifstofustjóri kynntu. Borin upp eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa fjárhagsáætlun ársins 2013 ásamt þriggja ára áætlun fyrir árin 2014, 2015 og 2016 fyrir sveitarsjóð og undirfyrirtæki til síðari umræðu í sveitarstjórn þann 22. nóvember nk. kl. 14:00.“ Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram svohljóðandi tillaga um álagningu fasteignagjalda og útsvars árið 2013.

Útvar	14,48%	
Fasteignaskattur A-gjald	0,40%	af fm. húss og lóðar
Fasteignaskattur B-gjald	1,32%	af fm. húss og lóðar
Fasteignaskattur C-gjald	1,30%	af fm. húss og lóðar
Lóðarleiga, almennt gjald	7,46	kr. pr. m ²
Lóðarleiga, ræktað land	1,03	kr. pr. m ²
Holræsagjald	0,25%	af fm. húss og lóðar
Vatnsskattur	0,31%	af fm. húss og lóðar
Aukavatnsskattur	14,00	kr. m ³
Hreinsun rotþróa:		
0-2000 lítra	7.194 kr.	pr. þró
2001-4000 lítra	8.609 kr.	pr. þró
4001-6000 lítra	10.260 kr.	pr. þró
6001 lítra og stærr	2.712 kr.	pr. m ³
Sorpgjald á íbúðarhúsnæði, regluleg sorphirða	kr.	28.500
Sorpgjald á lögbýli í rekstri, þar sem ekki er hirt sorp	kr.	18.500
Sorpeyðingargjald, sumarbústaðir og íbúðir í dreifbýli		

þar sem ekki er hirt sorp

kr. 14.000

Lóðarleigu og fasteignaskatt skv. A-B-og C gjaldi skal innheimta frá fyrstu skráningu hjá Fasteignamatí ríkisins, en holræsagjald, vatnsskatt og sorpgjöld skal innheimta frá þeim tíma að fasteign hefur verið skráð með byggingarstig 4

Gjalddagi gjalda undir kr. 17.000 er 1. maí

Gjalddagar gjalda á bilinu kr. 17.000 til 30.000 eru 1. apríl og 1. júlí

Aðrir gjalddagar eru 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí og 1. ágúst

Í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2013 var farið yfir tillögur að gjaldskrárbreytingum og erindum fyrirtækja, félagasamtaka og fjallskilastjórna.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá íþróttamiðstöðvar Húnaþings vestra. Tillagan samþykkt með 6 atkvæðum. Elín R. Líndal situr hjá við afgreiðslu þessa liðar.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá annarra þjónustustofnana aðalsjóðs.

Tillaga um gjaldskrá þjónustustofnana borin undir atkvæði. Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir Hafnarsjóð Húnaþings vestra. Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerðir nefnda:

2. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.

Fundargerð 765. fundar frá 16. október sl. Fundargerð í 10 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 766. fundar frá 23. október sl. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 767. fundar frá 29. október sl. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 768. fundar frá 5. nóvember sl. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð félagsmálaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 131. fundar frá 31. októberber sl. Fundargerð í 7 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð fræðsluráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 136. fundar frá 7. nóvember sl. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. **Fundargerð landbúnaðarráðs, formaður kynnti.**

Fundargerð 115. fundar frá 24. október s.l. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. **Fundargerð menningar- og tómstundaráðs, oddviti kynnti.**

Fundargerð 108. fundar frá 15. október sl. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

7. **Fundargerðir Skipulags- og umhverfisráðs. Oddviti kynnti**

Fundargerð 214. fundar frá 1. nóvember sl. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 215. fundar frá 6. nóvember s.l. fundargerð í 2 liðum. Lögð fram svohljóðandi tillaga við 1. lið fundargerðarinnar vegna aðalskipulags, „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að gera bókun skipulags- og umhverfisráðs vegna athugasemda sem borist hafa í tengslum við auglýsingu um breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 í landi Melstaðar í Miðfirði og auglýsingu um deiliskipulag fyrir veitingasölu og þjónustustöð á sama stað að sinni. Sveitarstjórn vill sérstaklega árétta að þar sem framsetning aðalskipulagstillögunnar um landnotkun er myndræn hefur ágreiningur um eignarhaldið einn og sér ekki áhrif á aðalskipulagsbreytinguna. Í ljósi þessa samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra að staðfesta framlagða aðalskipulagstillögu sbr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram svohljóðandi tillaga vegna deiliskipulags.

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fresta afgreiðslu deiliskipulagstillögu fyrir veitingasölu og þjónustustöð í landi Melstaðar í Miðfirði, sbr. tillögu skipulags- og umhverfisráðs um að gerð verði ítarlegar grein fyrir því í skilmálum deiliskipulagsins hvernig mengunarvörnum skuli háttað á lóðinni til að koma í veg fyrir umhverfistjón.

Skipulagshönnuðum verði gert að skila lagfærðri greinargerð áður en tillögurnar verða endanlega afgreiddar í sveitarstjórn. Þar skal koma fram að greinargerð um mengunarvarnir skuli fylgja byggingarleyfisumsókn.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

8. **Fundargerð ungmennaráðs, oddviti kynnti.**

Fundargerð 2. fundar frá 5. nóvember s.l. Fundargerð í 6 liðum. Lögð fram svohljóðandi tillaga við 3. dagskrárlið

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa drögum að Samþykkt fyrir Ungmennaráð Húnaþings vestra til umfjöllunar í starfshópi um endurskoðun á stjórnslu og skipuriti sveitarfélagsins.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

9. Skýrsla sveitarstjóra.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri fór yfir helstu störf sín frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar þann 11. október s.l.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:05

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Þorbjörg Ásbjarnardóttir.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari